

Reglur um þátttöku Seltjarnarnesbæjar í kostnaði aldraðra við sjúkraþjálfun.

Seltjarnarnesbær endurgreiðir ellilífeyrisþegum, 67 ára og eldri, kostnaðarhlutdeild þeirra í sjúkraþjálfun.

Endurgreidd eru allt að 10 skipti á ári og er miðað við almanaksárið.

Endurgreiddar eru 817.- kr. fyrir hvert skipti og miðast þar við greiðslur sjúkratryggðra fyrir sjúkraþjálfun frá 1. október 2009, skv. reglugerð nr. 721/2009 með síðari breytingum og rammasamningi um sjúkraþjálfun dags. 28. september 2009, frá Sjúkratryggingum Íslands. Endurgreiðslur geta þó aldrei numið hærri fjárhæð en hlutdeild notanda er eins og hún kemur fram á framvísuðum reikningi.

Endurgreiðslur fara þannig fram að viðkomandi ellilífeyrisþegi greiðir sinn hlut sjálfur hjá viðkomandi sjúkraþjálfara en framvísar síðan greiddum reikningi á Bæjarskrifstofum Seltjarnarness, Austurströnd 2 og fyllir þar út beiðni um endurgreiðslu. Greiðsla eru lögð inn á reikning viðkomandi innan þriggja vikna.

Eingöngu er endurgreitt vegna meðferðar hjá löggiltum sjúkraþjálfurum.

Reglur þessar taka gildi 1. janúar 2010

Greiðslubeiðni.

Undirritaður óskar eftir að fá endurgreiddan útlagðan kostnað vegna sjúkraþjálfunar skv. reikningi sem fylgir með greiðslubeiðni þessari.

Endurgreiðslan óskast lögð inn á eftirfarandi reikning:

Banki: _____ Höfuðbók: _____ Reikningsnúmer: _____

Undirskrift

Kennitala

Heimilisfang